

Hverfisgata 49

Sótt um leyfi um stækkun lóðar og byggingu 3ja hæða íbúðahúss

Hafnarfjörður, 23.9. 2016

Málsnr. 1609573

Umsögn skipulagsþjónustu:

Skipulagsskilmálar deiliskipulags Miðbær Hraun vestur:

Hverfisgata 49 heyrir undir deiliskipulagið „Miðbær Hraun vestur“, samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2. september 2015. Í skilmálum deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að lagður verði almenningsgöngustígur á bæjarlandi, m.a. meðfram lóðamörkum Hverfisgötu 49. Göngustígurinn tryggi aðgengi að gamla vitanum og opnu svæði við hann, sem liggur á milli Hverfisgötu og Vitastígs. Kannað hefur verið af hálfu bæjaryfirvalda að aðrar leiðir að vitanum og opna svæðinu eru ekki færar.

Lóðarskiki bæjarins, norðan Hverfisgötu 49 og fyrirhugaðs göngustígs að vita, hentar ekki til uppbyggar íbúðabyggðar, enda er hann aðeins tæpir 130 m² að stærð. Að auki gerir Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025 ekki ráð fyrir þéttingu byggðar á þessum reit.

Í ljósi ofangreindra atriða er ekki hægt að verða við óskum umsækjanda um stækkun lóðar við Hverfisgötu 49 og byggingu 3ja hæða íbúðahúss.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar,
Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt og skipulagsfræðingur